

Stærsti orkugjafinn

Christina Kharassis er hugsjónakona sem ég kynntist fljótlega hér í Namibíu. Hún varð nýlega sjötug. Hún rekur eins konar skólamötuneyti heima hjá sér, börnin í fátækrahverfinu koma til hennar úr skólanum til að fá hádegismat. Sum koma meira að segja í löngu frímínútum líka til að fá hressingu. Mörg eru munaðarlaus, nokkur með HIV-smit, öll fátæk og þurfa á mat að halda til að standa sig í skólanum. Svo hefur hún komið upp „sumarbúðum“ utan við borgina, en þangað fer hún með krakka svo þau hangi ekki á götunni í skólaleyfum. Þessi gamla hugsjónakona er í virkjunarhugleiðingum. Þar sem hún stendur fyrir utan bárujárnsskýlið sem hýsir krakkana uppi í sveit brennur heit sólin yfir henni. Hún vill virkja þessa orku svo krakkararnir geti lesið á kvöldin og jafnvel horft á sjónvarp.

Ég hef mikið velt því fyrir mér hvers vegna virkjun sólarorkunnar er ekki lengra komin en raun ber vitni eftir að ég kom hingað í land svimandi hárra rafmagnsreikninga. Hér er svo sannarlega nóg sól. Hvergi ský á himni mánuðum saman. Og Namibía er ekki auðugt land af annarri orku. Við flýtljum helming rafmagns inn frá Suður-Afríku, sem segist varla verða aflögu-fær lengi. Rússar hafa boðist til að setja upp kjarnorkuver, jafnvel á skipum undan ströndu, því hér finnst nægt úran í jörðu. Hollendingar eru að fara af stað með stór vindorkuver á ströndinni, þar er endalaus vindur af hafi. Og stjórnvöld ætla að gefa öllum heimilum sparperur, því ávinningurinn af því að allir noti slíkar perur er talinn í megavöttum. En sólin er alls staðar, hvert sem maður fer.

Ný frétt vakti því athygli mína og staðfesti það sem mann grunar að of lítið hafi verið gert til að virkja sólina. Sólarknúíð vasa-



STEFÁN JÓN HAFSTEIN
Í DAG | Þróunarhjálp

ljós er komið á markað. Mark Bent, frá Houston í Texas, er orðinn stjarna í ákveðnum hópum fyrir að hafa sett 250 þúsund dollara í að finna upp vasaljós sem nýtir sólarorku. Þetta er dæmigerð einföld og ódýr uppfinning

Tveir milljarðar manna búa utan við raforkunet heimsins. Innan við 1% af orkuvinnslu mannkyns kemur frá sól eða vindi.

sem breytir lífi milljóna manna. Á hlið vasaljóssins er lítill sólarpanell sem hleður rafhlöðurnar. Þær endast í „þúsund nætur“ eins og sagt er og þá er auðvelt að skipta þeim út fyrir lítið. Nú er hægt að kaupa sér svona vasaljós á Netinu og gefa um leið annað til Afríku, fyrir samtals 25 dollara. (Sjá BoGoLight.com þar sem eru myndir af ljósinu). Stórfyrirtæki hafa keypt stóra skammta og lagt til sem gjöf til velgjörðarmála.

Tveir milljarðar manna búa utan við raforkunet heimsins. Innan við 1% af orkuvinnslu mannkyns kemur frá sól eða vindi. Olfulampar og fáfengileg eldstæði lýsa milljörðum manna. Börnin reyna að læra hóstandi í stybbunni, ræningjar gera fyrir-sát í myrkri, slysaþetta er margföld, fyrir utan að fólk sem jafn-

vel gætti veitt sér einhver lífsþægindi fær það ekki vegna raforkuskorts. Samt skín sólin yfir því allá daga.

Sjálfur hef ég reynt af því að virkja sólina heima á Íslandi, í litlu sumarhýsi og gert í 20 ár. Það virkar, þótt í smáum mæli sé. Hér í Afríku eru sólarknúnir vatnshitarar til, en þykja fremur klénir. Fyrir konu eins og Christinu Kharassis ætti að vera einfalt og ódýrt mál að breyta brennandi sólarorkunni í ljós á kvöldin. En henni er sagt að ódýrasta lausnin kosti 400 þúsund íslenskar krónur. Fyrir fólk í hennar stöðu hér í Afríku er það alltof dýrt. Og sumarbúðirnar eru langt utan við raforkunetið í landinu. Hvernig ætti hún að borga fyrir heimaug og svo rafmagn sem hefur hækkad um 25% á tveimur árum? Ekki er olíurafstöð betri kostur eins og mál þróast á heimsmörkuðum.

Spurningin sem maður kemst ekki hjá að velta fyrir sér er einföld: Hvers vegna er ekki búið að leysa þetta mál, af einhverjum af öllum þeim snillingum sem prýða jörðina? Ef þokkalega stæður hugsjónamaður getur virkjað sólina í vasaljós sem öllum standa til boða fyrir lítið fé, hvers vegna er ekki einhver aðeins betur stæður búinn að útfæra þetta fyrir heimili og skóla? Þegar maður heyrir um 20 dollara sólarljós frá hugsjónamanninum Mark Bent er ekki hægt að komast hjá því að velt fyrir sér hvers vegna ekki eru komir 50 dollara lampar inn í hvern strákofa í heiminum? En það er von. Mark er ekki hættur og næst verða það víst sólarknúinn útvörp.

Ps. Þeir sem vilja kynnast hugsjónakonunni Christinu Kharassis betur geta séð stuttmynd um hana á síðu minni, www.stefanjon.is.

Höfundur starfar fyrir Þróunar-samvinnustofnun í Namibíu.

